

Nd.

442. Nefndarálit

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 58, 22. nóv. 1907, um stofnun brunabótafjelds Íslands.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Nefndin hefir athugað frumv. nákvæmlega, og enginn verulegur ágreiningur hefir orðið um það, að málið sje svo mikils vert, að nauðsyn beri til, að koma því til framkvæmda sem allra fyrst. Þó hefir háttv. þingm. Vestur-Skaftfellinga ekki viljað vinna að framgangi þess á þeim grundvelli, sem meiri hlutinn vill byggja á. Oss er enn ekki kunnugt um hverja leið hann telur heppilegasta, en væntanlega gerir hann grein fyrir því í minni hluta álitu sínu.

Það mun vera mjög eindregið álit þjóðarinnar, að það ástand, sem vjer nú eigum við að búa sje alls ekki við unandi, að því er snertir váttryggingar á húseignum og lausafje utan Reykjavíkur.

Váttryggingargjaldið mun vera til jafnaðar sem næst 1% af húseignum og lausafje víðast hvar á landinu, annarstaðar en í Reykjavík. Þetta gjald er að minsta kosti helmingi hærra en það ætti og þyrfti að vera, og má meðal annars marka það af því, að Reykjavíkurbúum hefir, með skynsamlegum ráðstöfunum, tekist að ná svo góðum samningum að váttryggingargjaldið, sem þeir greiða, mun ekki vera meira en sem svarar $\frac{1}{4}$ móts við það, sem menn annarstaðar á landinu verða að greiða af eignum sínum. Þrátt fyrir þetta lága brunabóttagjald og stórbrunann, sem varð hjer í Reykjavík síðastliðið vor, mun fjelagið þó ekki hafa tapað á viðskiftunum við Reykjavík.

Þegar nú þess er gætt, að sameiginleg brunahætta er hvergi á landinu eins mikil og í Reykjavík, vegna þjettbýlis og gasnotkunar, þá verður það augljóst, að úr því að útlent fjelag getur tekið að sjer váttrygging fyrir sem næst $\frac{1}{4}$ % af váttryggingarupphæðinni þá muni þau fjelög, sem nú taka 1% í váttryggingargjald, af húsum utan Reykjavíkur, græða stórfje á þeim viðskiftum.

Það virðist ekki ógætilega áætlað, að innlent brunabótafjelag gæti váttrygt fyrir $\frac{1}{2}$ % að jafnaði án þess að eiga nokkuð verulegt á hættu. Hversu afar-mikið fje myndi sparast við þetta, má fara nærri um með því að athuga útdrátt þann úr síðustu landshagsskýrslum, sem prentaður er hjer á eftir.

Það er einnig önnur hlið þessa máls, sem þingið að sjálfsögðu verður að taka mikið tillit til, nefnilega sú stefna, að stofnsetja hjer á landi sem flest þjóðnýt fyrirtæki, sem miða að því, að gera þjóðina sem óháðasta hinu útlenda peningavaldi, sem að sjálfsögðu situr sig ekki úr færi að hagnast sem mest á viðskiftunum við oss, þegar það er sjáanlegt, að vjer eigum ekki annars úrkosta en að sæta hverjum þeim kjörum, sem í boði eru, jafnvel þótt þau sjeu allsendis óaðgengileg, eins og á sjer stað í því efni, sem hjer um ræðir.

Ótti sá sem kom fram hjá minni hlutanum út af því, að lögin gera ráð fyrir, að landssjóður ábyrgist með takmarkaðri upphæð, að fjelagið standi í skilum, virðist ekki á miklum rökum byggður, þegar þess er gætt, að ekki er til þess ætlast, að landið leggi fram neitt verulegt fje, heldur hitt, að þá upphæð, sem kynni að verða tekin að láni er fjelaginu ætlað að endurgreiða svo fljótt, sem hagur þess leyfir.

Ef svo yrði litið á, að varhugavert sje að ráðast í þetta, vegna þess að brunar hafa orðið nokkuð tíðir hjer á landi, þá er því að svara, að útlendu fjelögin hafa þó ekki viljað tapa þessum viðskiftum, og annað hitt, að ástandið nú er alls ekki sambærilegt við það, sem áður var. Þau hús hafa mjög fækkað, sem mest hætta stafaði af, nefnilega tjargaðir trjekofar með óvönduðum eldstæðum, sem stóðu þjett og óreglulega, þannig að ef í einum kviknaði voru hinir í mikilli hættu. Nú er byggingum hagað á alt annan veg, annaðhvort er bygt með hæfilegu millibili milli húsa eða að hafðir eru traustir eldvarnargaflar, sem í flestum tilfellum varna því að eldurinn nái að útbreidast. Hús eru nú flest bygð úr steini og timburhús nálega öll járnvarin; svo hefir það og mikla þýðingu, að eldfæri og ljósfæri eru langtum tryggari og betri en áður var. Þá er á það að líta, að víða í kaupstöðum og kauptúnum eru nú komnar vandaðar vatnsleiðslur, sumstaðar með brunahönnum, með hæfilegu millibili, og nýtisku slökkvitólum.

Enn fremur má í þessu sambandi nefna lög um brunamál Nr. 85, 22. nóv. 1907, sem óneitanlega gefa mikla trygging fyrir því, að alt eftirlit verður mikið betra, og brunar þar af leiðandi fátíðari.

Eins og lögin bera með sjer, er ekki ætlast til, að fjelagið taki ábyrgð á meiru en $\frac{2}{3}$ hlutum verðs, en eigendum er skylt, að hafa $\frac{1}{6}$ hluta eignanna í sjálfsábyrgð, og því bæjartjelagi eða sveitarfjelagi, sem eignin er í, er skylt að vátryggja $\frac{1}{6}$ hluta. Þetta eru alt öryggisráðstafanir, sem mjög mikla þýðingu hafa, svo að brunar, af ásettu ráði, mega nær að segja þar með heita útilokaðir.

Þá hefir nú með nokkrum rökum verið sýnt, að brunahætta hjer á landi, fer stöðugt minkandi, og að áhættan er ekki meiri en svo, að það virðist engin frágangssök fyrir þingið, að ráða nú þessu máli til lykta, enda mun það álit margra manna, að allur dráttur í þessu efni sje ill-verjandi.

Vjer höfum orðið ásáttir um, að koma fram með nokkrar breytingartillögur við frumv., sem hjer fara á eftir, og væntum vjer þess, að þær þyki fremur til bóta.

1., 3. 4. og 5. breytingartillaga, eru allar efnisbreytingar, sem ýmist miða að því, að endurtrygging verði ekki útilokuð, og til þess, að takmarka ábyrgð á lausafje, að miklum mun. Þessar tillögur standa í nánú sambandi hver við aðra, og stefna að því, að minka áhættuna, og verður þeim því vonandi vel tekið.

6. breytingartillagan er að eins orðabreyting, sem oss þótti betur fara á þennan hátt.

8. breytingartillagan miðar til þess, að ljetta óeðlilegri kvöð af vátryggjendum, gagnvart veðhöfum, sem oss þótti ekki viðeigandi í þessum lögum.

2., 7. og 9. breytingartillaga eru ekki annað en afleiðing af hinum, og þarf því ekki að minnast frekar á þær.

Vjer finnum svo ekki ástæðu til, að fjölyrða frekar um málið, og ráðum háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Í stað 1. greinar frv. komi ný grein þannig:
Aftan af fyrri málsgrein 1. greinar laganna falli setningin;
»ennfremur tryggir fjelagið lausafje á Íslandi gegn eldsvoða«.
Á eftir sömu málsgrein komi ný málsgrein, þannig:
Ennfremur getur fjelagið tryggt lausafje á Íslandi, gegn eldsvoða þó þannig, að samanlögð váttryggingarupphæð lausafjár, sem trygð er í fjelaginu nemi aldrei meiru en $\frac{1}{5}$ af samanlagðri váttryggingarupphæð húsa í fjelaginu, og engin ein váttryggingarupphæð lausafjár nemi meiru en 2 þúsund krónum.
2. 1. gr. frv. verður 2. grein.
3. Fyrir 2. gr. frv. komi ný grein, sem verður 3. gr., þannig:
Fyrir »skipakví« í niðurlagi 4. greinar komi:
höfn.
Aftan við sömu grein bætist: með takmörkunum þeim, er felast í 2. málsgrein 1. greinar, þangað til endurtrygging fæst samkvæmt 6. grein.
4. Fyrir 3. grein frv. komi ný grein, sem verður 4. grein, þannig:
Fyrir orðin í upphafi 6. greinar: »Fjelaginu er skylt að endurbyggja« komi:
Ef endurtrygging fæst með viðunanlegum kjörum, að dómi Stjórnarráðsins og fjelagsstjórnarinnar skal fjelagið endurbyggja.
5. Inn í frv. bætist ný grein, er verður 5. grein, þannig:
Fyrir orðin í fyrri málsgrein 7. greinar: »er, og þannig aldrei«. komi:
kann að verða, og þá ekki.
6. Inn í frv. bætist ný grein, er verður 6. grein, þannig:
Í stað orðanna í 2. málsgrein í 9. grein laganna, »sem aukaútsvari eftir efnum og ástæðum«. komi:
eftir sömu reglum, sem aukaútsvari.
7. 4. grein frv. verður 7. grein.
8. Inn í frv. bætist ný grein er verður 8. grein, þannig:
2. málsgrein 14. greinar laganna (Áður en nokkurt hús . . . tilkall til hússins) falli burt.
9. 5. grein frv. verður 9. grein.

Neðri deild Alþingis, 18. ágúst 1915.

Eggert Pálsson,
formaður.

M. J. Kristjánsson,
framsögum.

Sveinn Björnsson.

Þórarinn Benediktsson.

Fylgiskjal I.

Lög um stofnun brunabótafjelags Íslands
nr. 58, 22. nóv. 1907.

Verksvið fjelagsins.

1. gr.

Landstjórnin gengst fyrir því, að á stofn sje sett brunabótafjelag með gagnkvæmri ábyrgð. Fjelagið nefnist brunabótafjelag Íslands. Það tekur að sjer brunabótatrygging á húseignum á Íslandi utan Reykjavíkur, sem eigi eru tryggingarskyldar í brunabótasjóði, stofnuðum eftir lögum nr, 26, 20. október 1905. Enn fremur tryggir fjelagið lausafje á Íslandi gegn eldsvoða. — Stjórnarráðið semur reglugjörð fyrir fjelagið, ákveður flokkunarreglur, iðgjöld og tryggingarskilyrði, og setur yfir höfuð allar nánari reglur um starfrækslu fjelagsins, þó svo, að gætt sje ákvæða þeirra er hjer fara á eftir.

2. gr.

Fjelagið er gagnkvæmilegt brunabótafjelag með ábyrgð landssjóðs fyrir alt að 600,000 kr., og tekur að sjer:

- A. Trygging á $\frac{5}{6}$ hlutum verðs með hluttöku sveitarfjelaga í eldsvoða-ábyrgðinni:
- 1) á húseignum í kaupstöðum utan Reykjavíkur og í kauptúnum með 300 íbúum eða fleirum;
 - 2) á lausafje í kaupstöðum þeim og kauptúnum, er getið er í tölulið 1, og í Reykjavík.
- B. Trygging á $\frac{2}{3}$ tjóns af eldsvoða á lausafje og á húseignum þeim utan Reykjavíkur, sem ekki verða trygðar eftir staflíð A með hluttekning sveitarfjelags, og eigi eru heldur tryggingarskyldar í brunabótasjóði, er hreppur hefir stofnað.

3. gr.

Í kaupstöðum þeim og kauptúnum, sem um er rætt í 2. gr. A, skulu allar húseignir, hvort sem þær eru eign einstakra manna, fjelaga eða hins opinbera, að undanskildum húseignum landssjóðs, vátrygðar fyrir eldsvoða í brunabótafjelagi landsins.

4. gr.

Á þeim stöðum, er vátryggingarskylda á húseignum gildir samkvæmt 3. gr., hvort sem eru kaupstaðir eða kauptún, eiga menn rjett á að fá trygt í brunabótafjelaginu allskonar lausafje, þar með talda verslunarvörur, og sömu leiðis skip og báta á landi eða í skipakví.

5. gr.

Eigendur húsa þeirra og lausafjár, sem fjelagið tryggir að $\frac{5}{6}$ hlutum samkvæmt 2. gr. A., skulu sjálfir bera ábyrgð á þeim $\frac{1}{6}$, sem fjelagið tekur ekki í ábyrgð, og er bannað að váttryggja þann hluta fyrir eldsvoða í nokkurri stofnun innanlands eða utan.

6. gr.

Fjelaginu er skylt að endurtryggja hjá öðrum brunabótafjelögum það, sem einstakar váttryggingar, er fjelagið tekur að sjer, eru hærri en hjer segir:

- A. með hluttöku sveitarfjelags í ábyrgðinni, trygging á húsi eða húsaþyrpingu í sameiginlegri brunahættu 10,000 kr. og lausafjártrygging 6,000 kr.
- B. án hluttöku sveitarfjelags í ábyrgðinni, trygging á húseign 7,500 kr. og lausafjártrygging 4,500 kr.

Trygging með hluttöku sveitarfjelags í áhættunni.

7. gr.

Öll þau hús og alt lausafje, sem fjelagið tryggir, hvort er í Reykjavík eða í kaupstöðum þeim og verslunarstöðum, er um ræðir í 2. gr. A., skal hlutaðeigandi sveitarfjelag ábyrgjast, að $\frac{1}{6}$ hluta ábyrgðarinnar ($\frac{1}{6}$ hluta verðs), þó skal það engan þátt taka í þeim hluta ábyrgðarinnar, sem endurtrygður er, og þannig aldrei í meira en 10,000 kr. af hverri hústrygging og 6,000 kr. af hverri lausafjártrygging. — Hverju sveitarfjelagi skal færður til tekna hluti af iðgjaldinu að rjettri tiltölu við áhættu þess. Þennan hluta iðgjaldanna, ásamt vöxtum, skal fjelagið geyma og fara með sem iðgjaldasjóð, er sveitarfjelagið á, og ekki má af taka, nema til greiðslu þess, er á sveitarfjelagið kann að koma af brunabótum.

8. gr.

Ef brennur, greiðir fjelagið allar brunabæturnar. Það sem sveitarfjelagið á að greiða, skal, svo sem til vinst, taka af inneign þess í iðgjaldasjóði, en hrökkvi inneignin ekki til, skal greiða það, er á vantar, af sveitarsjóði innan missiris.

9. gr.

Nú hafa brunabætur verið greiddar af sveitarsjóði samkvæmt 8. gr., og skal þá sveitarstjórn jafna þeim niður á sveitarbúa á alt að 15 árum, nema upphæðin sje svo lítil, að hana megi, að áliti sveitarstjórnar, greiða sem önnur gjöld sveitarsjóðs án endurgjalds. — Niðurjöfnuninni skal haga svo, að brunabótum fyrir hús sje jafnað niður á allar húseignir í kaupstaðnum eða verslunarstaðnum að undanskildum húseignum landssjóðs, eftir verði bygginga, en brunabótum fyrir lausafje skal jafnað niður á alla þá, sem gjaldskyldir eru til sveitar, sem aukaútsvari eftir efnum og ástæðum. — Um öll atriði, er snerta niðurjöfnunina, getur hver gjaldandi leitað úrskurðar sýslunefndar eða bæjarstjórnar, og er sá úrskurður fullnaðarúrslit. — Stjórnarráðið getur veitt samþykki sitt til þess,

að brunabætur, er sveitarsjóður verður að greiða, endurgreiðist honum að öllu eða nokkru leyti af því fje, er annars ætti að greiða í iðgjaldasjóð sveitarfjelagsins.

Trygging án hluttöku sveitarfjelags í áhættunni.

10. gr.

Fjlagið getur tekið í brunabótaábyrgð hús og lausafje annarstaðar en í kaupstöðum þeim og verslunarstöðum, sem eftir framanskráðum reglum taka þátt í áhættunni. Slíka ábyrgð tekur fjlagið þó ekki að sér, nema með því einu skilyrði, að einungis $\frac{2}{3}$ af skaðanum endurgjaldist, og að sá $\frac{1}{3}$ hluti, sem ekki verður endurgoldinn, ekki sé trygður annarstaðar.

11. gr.

Félagið má ekki, nema samþykki Stjórnarráðsins komi til, taka í ábyrgð byggingar, er mundu vera tryggingarskyldar í branabótasjóði eftir lögum 20. október 1905, ef stofnaður væri.

Almenn ákvæði.

12. gr.

Vátryggjendur í fjelaginu ábyrgjast, hver gagnvart öðrum, að fjlagið standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi aðeins til eignar þeirrar, er vátrygð er í fjelaginu. Ábyrgðin skal ákveðin í hlutfalli við þann hluta eignarinnar, sem vátrygður er.

Skaðabóta má að eins krefjast af vátryggjendum í fjelaginu á þann hátt að heimt sjeu inn aukaiðgjöld, er eigi sjeu hærri neitt ár en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í brunabótaskírteininu.

13. gr.

Landssjóður ábyrgist með alt að 600,000 kr., að fjlagið uppfylli skyldur sínar. Geti fjlagið eigi af eigin ramleik borgað skaðabætur, er skylt er að greiða, leggur landssjóður til það, sem á vantar, þó aldrei meira en áðurnefnda upphæð. — Ef fjlagið hefir orðið að leita aðstoðar landssjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er það hefir þegið af landssjóði, að viðbættum 4% í árlega vöxtu, endurgreiðast smátt og smátt, eftir því sem efni fjelagsins leyfa. Nú nemur fje það, er lagt hefir verið fram af landssjóði, að meðtöldum vöxtum, meiru en 50,000 kr., og skal þá fjlagið gera tryggjendum að greiða aukaiðgjöld, þannig, að það, sem fram yfir er 50,000 kr., endurgjaldist landssjóði á 10 árum í seinasta lagi, ef hægt er, en ávalt skal gæta ákvæða 12. gr. um stærð auka-

iðgjaldsins. — Af ábyrgðarupphæð landssjóðs má þegar afhenda fjelaginu allt að 20,000 kr. sem starfsfje, en greiða skal af því 4% árlega. Endurborga skal þetta fje af gróða fjelagsins, þá er varasjóður nemur 20,000 kr.

14. gr.

Að því er snertir lausafje, svo og húseignir aðrar en þær, sem váttryggingarskyldar eru samkvæmt 3. gr., má ganga úr fjelaginu við áramót að undan-genginni uppsögn með 3 mánaða fresti, og gegn því, að váttryggjandi greiði ið-gjald sitt til þess tíma, er hann fer úr fjelaginu, og sinn hluta af skaðabótum þeim, er á hafa fallið áður, ef þær nema meiru en sjóður brunabótafjelagsins.

Áður en nokkurt hús sje tekið úr trygging fjelagsins, verður sá, er trygg-inguna hefir fengið, að fá samþykki til þess frá öllum þeim, sem samkvæmt þinglesnu veðbrjefi, aðför eða kaupsamningi, eiga á einhvern hátt tilkall til húss-ins. — Enga byggingu má fella úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sje eigi greitt.

15. gr.

Fjelagið tekur eigi ábyrgð á tjóni, sem orsakast af jarðskjálfta eða ófriði, nje heldur á tjóni, sem af því leiðir, að váttryggjandi, kona hans eða nánustu erfingjar eru valdir að brunanum af ásettu ráði eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi. — Fjelagið á auk þess rjett á, að draga allt að fjórðung af brunabótunum, er váttryggjandi hefir út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot gegn bruna-málagunum, eða hann hefir gengist undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

16. gr.

Tjón, sem eigi nemur meiru en 30 kr., verður eigi bætt, og sje það meira, skal draga þá upphæð frá brunabótunum. Ef sérstaklega stendur á, má fjelagsstjórnin þó gera undantekning frá þessum ákvæðum. — Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um tjón, er stafar af ráðstöfunum til þess, að hindra útbreiðslu eldsvoða, sem þegar er uppkominn.

17. gr.

Skaðabætur má eigi greiða af hendi fyr en haldin hefir verið rjettar-rannsókn út af brunanum; þó má fjelagsstjórnin gera undantekning frá þessu, er tjónið eigi nemur meiru en 500 kr.

18. gr.

Bætur fyrir tjón á húsum má að eins greiða til þess að byggja upp á sama stað eða gera við hús það, er brunnið hefir, sbr. þó 19. gr. — Við hús-ábyrgðir er fjelaginu skylt að tryggja það, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sje varið rjettilega. — Fjelagsstjórnin, ásamt sveitarstjórn, ef sveit er hluttaki, má veita undanþágu frá fyrsta lið þessarar greinar, þó svo, að 15—20% af brunabótaupphæðinni sje þá dregið frá, nema almannahagur heimti, að vikið sje frá þessum ákvæðum.

19. gr.

Þegar eignir þær, er trygðar eru hjá fjelaginu, eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rétti sínum til brunabótanna, á veðhafi engu að síður heimtingu á greiðslu þeirra, svo sem með þarf til þess að borga kröfuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð, eða aðrar eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

20. gr.

Tryggingariðgjaldið hvílir á húseignum þeim, er trygðar eru í fjelaginu, og gengur í 2 ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, er á þeim liggja, nema sköttum til landssjóðs. — Öll iðgjöld til fjelagsins og virðingargjöld má heimta með lög taki. — Um það fje, sem sveitarstjórnir jafna niður samkvæmt 9. gr., fer sem um önnur sveitargjöld.

21. gr.

Eindagi á öllum iðgjöldum skal vera 15. október. Nú eru eignir vátrygðar á öðrum tíma, og skal þá ávalt fyrsta vátryggingartímabilið teljast til 15. október þess, er næstur kemur eftir að vátryggingin byrjar, nema vátrygt sje til skemri tíma.

22. gr.

Í reglugjörð fjelagsins skulu sett nánari ákvæði um virðingar á eignum þeim, er trygðar eru hjá fjelaginu, og á tjóni því, er á þeim kann að verða. Skylda má sveitarstjórnir til og hreppstjóra að veita fjelaginu aðstoð sína í því efni kauplaust. — Sveitarstjórnirnar í þeim sveitum, er þátt taka í áhættunni, eru yfirleitt skyldar til þess að gæta hags fjelagsins kauplaust. Enn fremur ber þeim að heimta inn iðgjöldin eftir nánari ákvæðum í reglugjörðinni.

Stjórn fjelagsins.

23. gr.

Fjlagið skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík, og stendur undir umsjón Stjórnarráðsins. Fjelaginu stjórnar framkvæmdarstjóri, sem skipaður er af ráðherra Íslands. Fjlagið greiðir stjórnarkostnað, þar með talin laun framkvæmdarstjóra. — Þegar sameiginlegur brunabótasjóður er stofnaður eftir lögum 20. október 1905, skal hann hafa sömu stjórn sem brunabótafjelag Íslands, og vera yfirleitt í samvinnu við það, þannig, að stjórnarkostnaðurinn skiftist milli þeirra eftir ákvæði Stjórnarráðsins. Annars eru fjlagið og brunabótasjóðurinn reikningslega alveg óháð hvort öðru.

24. gr.

Áður en reglugjörð, flokkunarreglur, iðgjöld og tryggingarskilyrði eru

sett, skal leita áhlits sveitarfjelaga þeirra er hlut taka í ábyrgð. Þær sveitarstjórnir, er í hlut eiga, eiga rjett á að koma fram með tillögur um öll málefni fjelagsins, enda skal leita áhlits þeirra um öll málefni, er mjög eru mikilsverð, og þau atriði, er einkum koma þeim við.

25. gr.

Þegar fjelagið er orðið svo stórt, að ársiðgjöldin nema meiru en 75,000 kr., skal Stjórnarráðið semja frumvarp til laga um breyting á stjórn þess í þá átt, að skipað sé fulltrúaráð til þess að gæta hags sveitarfjelaganna og váttryggjenda. Þegar fengnar eru umsagnir hlutaðeigenda sveitarstjórna, skal frumvarpið lagt fyrir Alþingi.

Um brunabótatrygging á eignum landssjóðs.

26. gr.

Á eignum landssjóðs — að undanteknum byggingum í Reykjavík — skal framvegis ekki fengin ábyrgð gegn eldsvoða. Í stað þess skal árlega leggja í tryggingarsjóð, er landssjóður á, svo mikið fje, að samsvari því, er hann mundi eiga að greiða í Brunabótafjelagi Íslands. — Stjórn brunabótasjóðs landssjóðs skal falin brunabótafjelagi Íslands; fyrir það má veita fjelaginu þóknun, er Stjórnarráðið ákveður. Að öðru leyti er enginn fjelagsskapur með brunabótafjelaginu og brunabótasjóði landssjóðs; ef síðastnefndur sjóður með vöxtum hrekkur eigi til þess að greiða tjón af eldsvoða á eignum landssjóðs, þá verður landssjóður að bera skaðann að öðru leyti. — Stjórnarráðið setur nánari reglur um þetta atriði. Reikningar, snertandi brunabótasjóð landssjóðs, skulu árlega fylgja landsreikningnum og skulu yfirskoðunarmenn landsreikninganna einnig yfirfara þá.

Um það, hvenær fjelagið taki til starfa.

27. gr.

Landsstjórnin sjer um, að lög þessi komi til framkvæmda og brunabótafjelag það, er ræðir um í lögnum, taki til starfa svo fljótt, sem verða má,

28. gr.

Brjóti váttryggjandi móti lögum þessum eða reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það rjettarmissi til brunabóta eftir mála-vöxtum, svo sem reglugjörð nánar til tekur. — Í reglugjörð má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 5—500 kr., er renni í sjóð þann, er brotið er við.

29. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lög-reglumál.

Fylgiskjal II.

Skýrsla

um virðingarverð á húseignum í kaupstöðum
eða kaupsýslum 1909.

Heiti kaupstaðarins eða kaupsýslunnar.	Virðingarverð húseigna.
<i>Austur-Skaftafellssýsla:</i>	
Hornafjarðarós	kr. 30565
<i>Vestur-Skaftafellssýsla:</i>	
Vík í Mýrdal	51840
Mjólkurskóli	1533
Fundarhús (Aldamót)	1400
Alls	54773
<i>Rangárvallasýsla:</i>	
.....	
<i>Vestmannaeyjasýsla:</i>	
Vestmannaeyjar (gl. kaupst.)	442511
<i>Árnessýsla:</i>	
Stokkseyri	159525
Eyrarbakki	196743
Alls	356268
<i>Gullbringu- og Kjósarsýsla:</i>	
Fjellagshús á Hofi	400
Álafoss o. fl.	22470
Ýms hús	19195
Prentsmiðja	5955
Ýms hús	10300
Keflavík	299018
Gerðar (Garðurinn)..	67435
Verslunarhús o. fl... ..	27735
Grindavík	21990
Alls	474498
<i>Hafnarfjörður</i>	666580
<i>Borgarfjarðarsýsla:</i>	
Akranes	190381
Ytri hólmur	2500
Alls	192831

Heiti kaupstaðarins eða kaupsinsins.	Virðingarverð húseigna.
<i>Mýrasýsla:</i>	
Borgarnes	kr. 115400
Langárfoss	5600
Alls	121000
<i>Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:</i>	
Búðir	4600
Hjallasandur	68979
Ólafsvík	180365
Stykkishólmur	219835
Alls	473779
<i>Dalasýsla:</i>	
Skarðsstöð	11950
Búðardalur	33725
Salthólmavík	3500
Stóri Skógur (Smjörg.h.)	3425
Alls	52600
<i>Barðastrandarsýsla:</i>	
Bíldudalur	187000
Geirþjófsfjörður	1000
Suðureyri	138272
Patreksfjörður	230650
Gil	900
Flatey	29790
Króksfjarðarnes	1900
Bakki o. fl.	11130
Alls	600642
<i>Ísafjarðarsýsla:</i>	
Hlaðsbót	9270
Þingeyri o. fl.	99800
Framnes o. fl.	74810
Flateyri	92430
Suðureyri	25975
Bolungarvík	203800
Hnífsdalur	53610
Langeyri	38408
Arngerðareyri	7000
Berjadalsá	9116
Meleyri	1750
Hesteyri	187871
Alls	803840

Heiti kaupstaðarins eða kaupsinsins.	Virðingarverð húseigna.
	kr.
<i>Ísafjörður</i>	1047040
<i>Strandasýsla:</i>	
Borðeyri	27808
Hólmavík	13425
Gjögur	5100
Norðurfjörður	2300
Alls	48633
<i>Húnavatnssýsla:</i>	
Blönduós	120374
Skagaströnd	18900
Hólanes	5650
Hvammstangi	58421
Alls	203345
<i>Skagafjarðarsýsla:</i>	
Sauðárkrókur	192722
Kolkuós	4950
Grafarós } (Ósar)	7650
Hofsós }	21650
Haganesvík	7000
Selvík	2900
Alls	236872
<i>Eyjafjarðarsýsla:</i>	
Siglufjörður	156500
Ýms hús	13410
Ýms hús	57340
Hjalteyri o. fl.	85950
Verslunarhús o. fl.	18590
Tilraunastöð Ræktunarfjel.	8074
Alls	339864
<i>Akureyri</i>	1487760
<i>Suður-Pingeyjarsýsla:</i>	
Svalbarðseyri	16100
Ýms hús	30625
Húsavík	247175
Alls	293900

Heiti kaupstaðarins eða kaupsinsins.	Virðingarverð húseigna.
<i>Norður-Pingeyjarsýsla:</i>	
Raufarhöfn	kr. 17215
Kópasker	6400
Pórshöfn	40885
Alls	<u>64500</u>
<i>Norður-Múlasýsla:</i>	
Ýms hús	40369
Vopnafjörður	124495
Bakkagerði	54550
Pórarinsstaðaeyri	44900
Alls	<u>264314</u>
<i>Seyðisfjörður</i>	638820
<i>Suður-Múlasýsla:</i>	
Asknes o. fl.	289407
Nes o. fl.	190110
Hvalveiðastöð o. fl.	97000
Eskifjörður	229020
Búðareyri o. fl.	81750
Búðir... ..	117790
Vattarnes o. fl.	10550
Kirkjubólshöfn... ..	8325
Breiðdalsvík	8000
Djúpivogur	37250
Alls	<u>1059202</u>